



Staðalímynd er "hugmynd sem algengt er að gera sér innan tiltekins hóps um annan hóp, ríki o.s.frv. (oft grundvöllur fordóma)"

HVAÐ ERU STAÐALÍMYNDIR

Staðalímyndir geta verið bæði neikvæðar og jákvæðar. Grundvallarvandamálið er ekki staðalímyndin sem slík þar sem þær geta hjálpað okkur að skilja samfélagið betur en sumar ststaðalímyndir gera orðið að vandamáli ef við byggjum ákvarðanir okkar eingöngu á þeim og hugsum ekki út í mögulegar afleiðingar.




Co-funded by
the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



Skilgreining ólíkra staðalímynda



Meðvituð
staðalímynd

Staðalímyndir sem eru þekktar í samfélaginu sem fólk á til að viðurkenna og ræða sín á milli.

Mæður eru betri í að hugsa um börn en feður.

Ungar stúlkur fá dúkkur sem leikföng en ekki flókna kubba sem hægt er að nota til að byggja úr. Vegna þess þróa þær með sér hæfni og öryggi sem tengist dótinu þeirra, dúkkunum.

Ómeðvituð
staðalímynd

Staðalímyndir sem hafa áhrif á hegðun okkar, yfirleitt án okkar vitundar.

Mæður sem eru í fullu starfi eru litnar hornauga í samfélaginu.

Ungar mæður eru hvattar til að vera heima frekar en að vinna. Þær eru titlaðar "slæmar mæður" ef þær fara að vinna. Auk þess er þeim mögulega mismunað innan ákveðinna starfsgreina.



Mismunun og útskúfun

Útskúfun ungs fólks meðal jafnaldra þeirra vegna þess að þau samræmast ekki staðalímyndum kynhlutverkanna eins og þær eru settar fram í nútíma miðlum

Sjálfsstaðalímynd

Að dæma sjálfan sig á grundvelli staðalímynda sem maður sjálfur og aðrir trú á. Þetta getur leitt til skerts sjálfsöryggis fyrir þær sakir að passa ekki inn í formið - sama hversu óraunhæft það kann að vera.

Uppfylling sjálfsstaðalímynda

Þegar við gerum ráð fyrir því að einstaklingur/hópur hegði sér á ákveðinn hátt (þótt það sé ekki venjuleg hegðun hans) og vegna þess breytir einstaklingurinn/hópurinn um hegðun þannig hann samrýmist væntingum staðalímyndarinnar.

Mismunun og ofbeldi

Ofbeldishneigð og mismunun vegna neikvæðra staðalímynda sem verða að trú þrátt fyrir að vera ekki byggt á staðreyndum eða sannleikanum gagnvart hópi eða menningu ólíkt þeim hópi eða menningu sem maður tilheyrir sjálfur.

Hverjar eru mögulegar afleiðingar staðalímynda?



Söguleg
kynjahlutverk og
væntingar

**Hvaðan koma
staðalímyndir?**

Ótti við hið
óþekkta og fólk
ólíkt okkur sjálfum

Hleypidómar

Óraunsæislegar
væntingar

**Hvers vegna
notum við
staðalímyndir?**

- Til að skilja heiminn umhverfis okkur.
- Til að reyna að passa og finna sitt pláss í samfélaginu.
- Ótti við útskúfun vina og fjölskylda vegna þess að einhver stendur ekki undir væntingum (staðalímyndum).



**Co-funded by
the European Union**

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

Sameiginlegt umhverfi

Sameiginlegt umhverfi stuðlar að sameiginlegum staðalímyndum vegna sameinlegra upplifana, vandamála og ílags. Þ.a.l. fara einstaklingar að meðtaka og bregðast við á líkan hátt og deila einnig staðalímyndum.

Félagsmótun

Annar möguleiki er félagsmótun og uppeldi. Sumir fræðimenn halda því fram að börn og unglingar eru líklegri til að tileinka sér staðalímyndir en fullorðnir. Börn og unglingar eru nýlega farin að kynna samfélaginu og sjálfum sér. Þau leita að fyrirmyndum og eru að búa sér til sitt eigið sjálf.



Hvers vegna deilum við staðalímyndum?



Co-funded by
the European Union

Intergroup relations

Þessi skýring gefur til kynna að fordómar komi frá félagslegum samskiptum milli hópa. Þessir hópar geta verið skilgreindir út frá ýmsum þáttum, s.s. aldri, menningarlegum uppruna, færni, áhugamálum, o.fl. Þegar einn slíkur hópur mætir öðrum hópi (sem er ólíkur þeirra eigin hópi) þá gera báðir hópar sér ákveðnar gagnkvæmar væntingar. Dæmi: ef hópur unglinga mætir hópi aldraðs fólks, þá munu báðir hafa ákveðnar væntingar til hins hópsins og hvernig hann muni bregðast við. Aldraða fólkið getur t.d. vænst þess að unglingarnir séu háværir, jafnvel þótt þau hafi aldrei áður hitt þá. Þess vegna deila hópar oft sameiginlegum fordómum vegna sameiginlegra væntinga um hegðun.

Hópprýstingur

This process argues that stereotypes are shared among a group of people due to the majority or the group leaders sharing the same opinions and influences. If the leader of a group or more than half of the group believe women should stay at home and care for their husbands, the other members will agree to this stereotype due to peer pressure, even if, originally, this is not their opinion. Additionally, not adapting to the common stereotypes might lead to exclusion or discrimination, forcing group members of different opinions to change their viewpoint.